

Áætlun um móttöku á nýjum nemendum

Þegar nýr nemandi kemur í Laugargerðisskóla:

Foreldrar fylgi nemendum fyrsta daginn í yngstu deildinni í grunnskólanum. Foreldrar og kennarar hafa samráð um hversu lengi ber að fylgja nemandanum það verður metið eftir málakunnáttu og aldri.

1. Umsjónarkennari afli sé eftirfarandi upplýsinga

- Eru einhverjir námsörðugleikar?
- Hefur barnið fengið sérkennslu?
- Viðhorf barnsins við flutningi í nýjan skóla.
- Félagsleg staða barnsins í gamla skólanum skólanum
- Ofnæmi, sjúkdómar eða annað.
- Fjölskyldan:

Faðir/móðir á heimilinu?

fósturforeldri?

einstæð móðir/einstæður faðir?

hverjir ætla að mæta í foreldraviðtöl?

systkini?

2. Undirbúa bekkinn

Finna stuðningsaðila/ trúnaðarvin sem fylgir nýja nemandanum fyrst í stað í íþróttir, sund, myndmennt/textil/smíðar, heimilisfræði. Fullorðinn starfsmaður fylgir yngstu deild og leikskólabörnum.

Umsjónarkennari lætur alla vita (sem kenna nemandanum) um nauðsynlegar bakgrunnsupplýsingar.

3. Þegar nemandinn hefur nám fær hann:

- Stundaskrá
- Mánaðarbréf þess mánaðar sem barnið byrjar í skólanum.
- Handbók Laugargerðisskóla, þar sem allar megin upplýsingar eru um starfsemi skólans, þ.m.t. skóladagatal. Umsjónarkennari kynnir mikilvæga þætti í handbók s.s mentor, lykilorð fyrir foreldra og heimsíðu Laugargerðisskóla.